

Fundur Undirbúningsstjórnar um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Sjötti fundur haldinn í Skjólbrekku, miðvikudaginn 9. febrúar kl. 13.

Mætt voru:

- Árni Pétur Hilmarsson.
- Elísabet Sigurðardóttir, í fjarveru Ölmú
- Arnór Benónýsson.
- Helgi Héðinsson, formaður.
- Jóna Björg Hlökkversdóttir.
- Sigurður Böðvarsson.
- Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri
- Sveinn Margeirsson sveitarstjóri.
- Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur sameinaðs sveitarfélags
- Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Heiti á sameinað sveitarfélag

Helgi kallaði eftir tillögum stjórnarfólks að heitum sem skuli fara til umsagnar Örnefnanefndar. Fram komu 281 tillaga. Að lokinni ítarlegri umræðu ákvað Undirbúningsstjórn að vísa eftirfarandi tillögum til umsagnar Örnefnanefndar.

- Goðáþing
- Þingeyjarsveitir
- Laxárþing
- Andáþing
- Mýþing
- Hraunborg
- Suðurþing
- Fossáþing

Ákveðið að Róbert kynni tillögurnar á samráðsfundi með íbúum síðar í dag.

2. Verkefnislok starfshópa

Minnisblöð starfshópa voru lögð fram og rædd. Þeim verður vísað til nýrrar sveitarstjórnar til umfjöllunar.

Undirbúningsstjórn þakkar fulltrúum í samstarfsnefndum fyrir þeirra góðu störf.

3. Stjórnskipulag sameinaðs sveitarfélags

Tryggvi kynnti breytingatillögur á drögum að samþykkt um stjórn og fundarskóp sameinaðs sveitarfélags sem miða að því að koma til móts við ábendingar innviðaráðuneytisins.

Undirbúningsstjórn samþykkti breytingarnar.

4. Framkvæmd sveitarstjórnarkosninga

Tryggvi fór yfir minnisblað um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í sameinuðu sveitarfélagi. Nauðsynlegt er að sveitarstjórnir velji eina yfirkjörstjórn fyrir sameinað sveitarfélag.

Undirbúningsstjórn leggur til við sveitarstjórnir Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps að kjörstjórn Þingeyjarsveitar verði skipuð yfirkjörstjórn fyrir sameinað sveitarfélag í fyrstu sveitarstjórnarkosningum.

5. Landbúnaðarmál

Jón Hrói Finnsson tengdist rafrænt inn á fundinn og fór yfir minnisblað með greiningu á stöðu fjallskilamála og vargeyðingu í sveitarfélögunum.

6. Íbúafundur 9. febrúar

Helgi fór yfir dagskrá fundarins og fyrirkomulagið. Fundurinn fer fram í Skjólbrekku kl. 16.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20.

Næsti fundur

Næsti fundur verður boðaður innan tíðar þegar umsögn ráðuneytis um stjórnskipulagstilraun liggur fyrir.